


HAFNARFJÖRÐUR



Skipulagsstofnun
b.t. Einars Jónssonar
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 29. janúar 2015
1401789 GVA

Efni: Landsskipulagsstefna 2015 - 2026

Á fundi skipulags og byggingarráðs 27. janúar s.l., var eftirfarandi erindi:

Tekin fyrir að nýju kynningartillaga að landsskipulagsstefnu. Lögð fram tillaga sviðsstjóra að umsögn.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir þau jákvæðu markmið sem fram koma í landsskipulagsstefnunni. Af mörgum góðum málum má nefna kafla 4.2.3 Skilgreining á strandlínu eða núll hæðarlínu við þéttbýli og önnur byggð svæði þar sem hætta stafar af sjávarflóðum og vegna breytinga á sjávarborði vegna loftslagsbreytinga. Mikilvægt er að vekja athygli á þessu m.t.t. hækkunar yfirborðs sjávar. Skipulags- og byggingarráð áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við útfærslur einstakra atriða á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Bjarki Jóhannesson
Sviðstjóri